



Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.11.18
Málalýkill	00.10.1
Mál nr.	1811236



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Reykjavík, 20. nóvember 2018

**Efni: „Mín framtíð 2019“ -
Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynning**

Hr. Gunnar Einarsson
Bæjarstjóri

Verkið mun halda „Mín framtíð 2019“: Íslandsmót iðn- og verkgreina og framhaldsskólakynningu dagana 14.-16. mars 2019 í Laugardalshöll í samvinnu við mennta- og menningarmálaráðuneytið og fagfélög iðn- og starfsgreina.

Óskað er eftir samstarfi við sveitarfélögin til að auðvelda grunnskólum að senda nemendur í 9. og 10. bekk á kynninguna. Samstarfið felst í að taka þátt í að greiða kostnað við rútuferðir fyrir nemendur í Laugardalshöllina.

Rútukostnaður er áætlaður kr. 1,200.- pr nemandu fram og til baka, óskum við eftir því að Garðabær komi til hálfis á móti okkur líkt og 2017. Miðað við uppgefinn nemendafjölda þá óskum við eftir 250.000 króna styrk.

Þetta verður í þriðja sinn sem framhaldsskólakynning verður haldin samhliða Íslandsmótinu til að nýta samlegðina og hefur það tekist mjög vel síðustu tvö skiptin. Reynslan og kannanir sýna að eftirspurn er eftir því að halda stóra sameiginlega framhaldsskólakynningu annað hvert ár. Framhaldsskólar landsins munu kynna námsframboð sitt, bæði verklegt og bóklegt og svara spurningum um námsframboð og inntökuskilyrði.

Íslandsmót iðn- og verkgreina hefur verið haldið reglulega frá árinu 2008. Þar kemur saman ungt fólk sem er í, eða hefur nýlengið, iðn- eða starfsnámi og keppir í hinum ýmsu greinum. Keppendur takast á við krefjandi og raunveruleg verkefni í samkeppni sem reynir á hæfni, skipulagshæfileika og fagmennsku. Tilgangur keppna af þessu tagi er að vekja áhuga grunnskólanema á iðn- og verknámi með því að láta ungt fólk sýna þeim handbrögð og tækni sinnar greinar. Grunnskólanemendur munu einnig fá tækifæri til að snerta á og prófa hluti undir handleiðslu fagmanna í ýmsum greinum.

„Mín framtíð“ er mikilvægur hlekkur í náms- og starfskynningu fyrir þennan aldurshóp en auk kynningarinnar í Laugardalshöll verður sent út námsefni um nám að loknum grunnskóla til allra grunnskóla. Er það von Verkiðnar að skólar nýti þetta tækifæri til náms- og starfsfræðslu en líkt og rannsóknir sýna þá er rangt námsval talið einn af orsakabáttum brotthvarfs og að nemendur þekkja ekki nægilega vel það fjölbreytta námsframboð sem boðið er upp á í framhaldsskólum. Með því að koma, sjá, fræðast og upplifa þá hafa nemendur aukna möguleika á að taka upplýstari ákvörðun um sitt náms- og starfsval.

Fyrirkomulag „Mín framtíð 2019“

Tekið verður á móti grunnskólanemendum í gamla salnum þar sem nemendur fá stutta kynningu áður en þeir ganga inn á sýningarsvæðið þar sem þeir kynna sér námsframboð framahaldsskólanna, horfa á keppni í Íslandsmótinu og prófa og snerta á í ýmsum greinum. Hver skóli er 2 klst. á svæðinu.

Grunnskólar munu fá sent fræðsluefni um nám að loknum grunnskóla upp úr áramótum sem og fræðsluefni til að nýta á foreldravöldi og setja á heimasíðu skólanna og bréf til foreldra þar sem viðburðurinn er kynntur. Einnig munu skólarnir fá kennsluefni til að undirbúa nemendur fyrir viðburðinn og vinna úr heimsókninni.

Nemendur þurfa að vera í fylgd kennara og starfsmanna sinna skóla og eru á þeirra ábyrgð á meðan á heimsókninni stendur.

Dagsetningar og opnun:***Fimmtudagur 14. mars***

Keppni 09:00 -17:00

Grunnskólanemendur í heimsókn 09:00 - 15:00

Föstudagur 15. mars

Keppni 08:30 - 17:00

Grunnskólanemendur í heimsókn 09:00 - 15:00

Laugardagur 16. mars

Keppni 10:00 - 15:00

Sýningarsvæði verður opið fyrir almenning frá til kl. 10:00 – 16:00

Með vinsemd,
f.h. Mín framtíð 2019

Þór Pálsson, framkvæmdastjóri
thor@verkidn.is

Elín Thorarensen, verkefnisstjóri
elin@verkidn.is